

Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Klakfiskastöð að Sigtúnum í Öxarfirði
Framkvæmdaraðili	Íslandsbleikja ehf.
Sveitarfélag	Norðurþing
Tegund framkvæmdar	Fiskeldi samkvæmt tölulið 1.12 f 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)
Um er að ræða aukna bleikjuhrognaframleiðslu með klakfiski. Fyrir voru hrognin framleidd í þremur kerjum en eftir stækkun eru kerin samtals 7. Full framleiðsluaukning verður í áföngum til ársins 2024. Þegar fullri framleiðslugetu er náð verður hún um 6 tonn á ári. Gert er ráð fyrir að fóðurþörf eftir fulla stækkun verði um 10-11 tonn á ári.

Var leitað umsagna?
Nei. Mannvirki hafa verið reist og eru lítil að umfangi. Ekki er verið að taka óraskað land undir mannvirki. Verið er að auka starfsemi sem var fyrir mjög lítil að umfangi.

Eðli framkvæmdar
Við mat á því hvort tilkynningar skyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Já/Nei/Útskýring	
Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei.
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnumaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Um er að ræða framleiðsluaukningu á starfsemi sem fyrir er. En engin sammögnum er með annarri starfsemi eða öðrum framkvæmdum.
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Já. Sjálfrexnandi lindarvatn er notað í framleiðslunni. Reiknað er með að það geti orðið um 100 l/sek eftir stækkun.
Fylgir framkvæmd úrgangsmýndun?	Já. Losun næringarefna er áætluð um 4,3 tonn á ári sem jafngildir um 12 kg á dag.
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Fráveita fer í bæjarlæk og eftir honum um 50 m í Landsá. Landsá flytur frárennslið um 2 km þar til það berst í Jökulsá á Fjöllum.
Fylgir framkvæmd slysahætta?	Nei.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningar skyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:	Já/Nei/Útskýring
Pá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Nei. Starfsemin þarf mjög lítið land og samræmist þeirri landnotkun sem fyrir er á svæðinu.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Nei. Tekið er sjálfrennandi vatn til starfseminnar. Önnur auðlindanýting fylgir ekki starfseminni.
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúrvætti, fólkvanga?	Nei. Starfsemin er utan friðlýstra svæða.
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinna vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei. Starfsemin er ekki á svæði sem nýtur sérstakrar verndar.
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúrumínjaskrá?	Framkvæmdin er innan svæðis nr. 536 á náttúrumínjaskrá, Jökulsárgljúfur austan ár.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei. Engin sérlög ná yfir framkvæmdasvæðið.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei. Starfsemin hefur ekki áhrif á svæði sem njóta verndar vegna alþjóðlegra samninga.
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei. Starfsemin er mjög lítil að umfangi.
Vatnsverndarsvæði?	Nei. Ekki er um vatnsverndarsvæði að ræða.
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei.
Víðerni?	Nei. Svæðið er landbúnaðarsvæði í ábúð.
Votlendi eða strandsvæði?	Nei.
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	Nei.
Jarðmyndanir (t.d. eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei.
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei.
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei. Umfangslítil starfsemi í manngerðu umhverfi.
Loftgæði eða mengun?	Óveruleg mengun. Fráveita berst í Jökulsá á Fjöllum.
Menningarmuinjar?	Raskað svæði. Ekki er kunnugt um menningarmuinjar.
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Óveruleg áhrif. Einn starfsmaður er að jafnaði, verða 2 til 3 þegar hrygning stendur yfir.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Starfsemin er afar lítil að umfangi. Fólk á ekki að vera fyrir áhrifum af henni. Mannvirki fyrir viðbótina eru til staðar. Fráveita með næringarefnum sem eru 4,3 tonn á ári (jafngildir 12 kg á dag) munu berast í Jökulsá á fjöllum.
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Mjög lítt sýnileiki, ekki er verið að taka óraskað land undir starfsemina. Lítil áhrif og lítil starfsemi að umfangi.
Líkur á áhrifum	Vatn með næringarefnum mun berast frá starfseminni í Landsá og þaðan í Jökulsá á Fjöllum.
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Áhrif starfseminnar verða stöðug á meðan stöðin starfar en eru afturkræf.
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Á ekki við. Mjög lítil áhrif.
Áhrif yfir landamæri	Á ekki við.

Niðurstaða

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslandsbleikju ehf. við tilkynningu. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð aukin bleikjuhrognaframleiðslu með klakfiski sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ákvörðun	
Kærufrestur	23. mars 2018

Reykjavík 20. febrúar 2018.



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Sigurður Ásbjörnsson".

Sigurður Ásbjörnsson